

skal vera á virkum dögum milli kl. 9.00 og 18.00, en á laugardögum þó aðeins milli kl. 9.00 og 12.00.

Lögreglustjóri getur ákveðið, að gjaldskylda sé lengur en að framan greinir, svo og veitt undanþágu frá ákvæðum þessum, þegar sérstaklega stendur á.“

2. gr.

Regla þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist öllum er hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 18. desember 1972.

Sigurjón Sigurðsson.

20. desember 1972.

Nr. 346.

AUGLÝSING

um umsóknargjald og árgjald, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 132/1971, um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Umsóknargjald er kr. 1 000.00 með hverri umsókn og árgjald kr. 500.00 af hverju efni eða efnasamsetningu er viðurkenningu hlýtur og skráð er á listum yfir plöntulyf, örgresiefni, stýriefni eða útrýmingarefni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. desember 1972.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

20. desember 1972.

Nr. 347.

AUGLÝSING

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 44 28. apríl 1954.

1. gr.

47. gr. orðist svo:

Almennur hámarkshraði í lögsagnarumdæmi Akureyrar skal vera 45 km miðað við klukkustund í þéttbýli, en 70 km utan þéttbýlis.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. október 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. desember 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.